

Þriðjudaginn 23. júní 1992.

Nr. 108/1991. **Rafn Hagan Steindórsson**
 gegn
Hampiðjunni hf.
 og til réttargæslu
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Í málinu liggur fyrir mat Jónasar Hallgrímssonar lækni frá 3. apríl 1989 á örorku áfrýjanda, sem þá hafði verið metinn meira en 75% öryrki hjá Tryggingastofnun ríkisins um nokkurt skeið. Í mati sínu leggur læknirinn til, að áfrýjanda verði metin 50% varanleg örorka vegna reykmenngunar, sem varð í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981, þegar þar kviknaði eldur í blýpotti.

Þá liggja fyrir bréf dr. Vilhjálmss Rafnssonar yfirlæknis frá 29. september 1988 og greinargerð sama aðila 11. júlí 1989.

Loks eru í málinu tvö bréf Davíðs Gíslasonar lækni, sérfræðings í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum, frá 11. október 1988 og 24. apríl 1989 og tvö vottorð Kristjönu Kjartansdóttur heilsugæslulæknis 1. júní og 31. júlí 1989.

Allir framangreindir læknar hafa gefið skýrslur fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Þar og í framangreindum gögnum virðast koma fram mismunandi sjónarmið um hugsanlegt orsakasamband milli sjúkdóms áfrýjanda og atburðarins í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur var kveðinn upp 13. desember 1990. Hann skipuðu Jón L. Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Jakob Kristinsson, dósent í eiturefnafræði, og Tryggvi Ásmundsson læknir, sérfræðingur í lungnasjúkdómum. Á bæjarþingi 31. október 1990 lýstu lögmenn aðila yfir, að þeir óskuðu ekki eftir umsögn læknaráðs.

Mál þetta var fyrst flutt fyrir Hæstarétti um formhlið 3. apríl

1992. Við flutning um efnisatriði málsins 3. júní 1992 kom lög-
mönnum aðila ásamt um að gefnu tilefni frá Hæstarétti að óska
þess, að leitað yrði umsagnar læknaaráðs í málinu. Þeir hafa í sam-
eiginlegu bréfi til Hæstaréttar 4. júní 1992 tilgreint þau atriði, er
þeir æskja umsagnar um.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt með vísun
til 1. og 2. mgr. 2. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr., laga nr. 14/1942 um
læknaaráð að æskja þess, að læknaaráð láti uppi rökstutt álit um
eftirfarandi á grundvelli læknisfræðilegra gagna málsins og umfjöll-
unar í héraðsdómi:

1. Telur læknaaráð unnt að líta svo á, að rekja megi örorku áfrýj-
anda að nokkru eða öllu til þess atburðar, er varð í Hampiðjunni
hf. 2. nóvember 1981?

2. Ef svo er, fellst læknaaráð þá á örorkumat Jónasar Hallgríms-
sonar læknis?

3. Ef ekki, hvernig ber þá að meta varanlega örorku áfrýjanda
vegna hins umrædda atburðar?

Á l y k t a r o r ð:

Læknaaráð láti í té umsögn samkvæmt framangreindu.
